

128. fundur

Fundur verður haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 10. maí 2010, kl. 17:15 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Helgi B. Haraldsson og Guðmundur Kristinsson. Einnig sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Borgarbraut 4, viðbygging við Grunnskóla Stykkishólms.
F.h. Stykkishólmsbæjar er sótt um byggingarleyfi á viðbyggingu áfanga 1, við Grunnskólann í Stykkishólmi samkvæmt teikningum frá Arkitektastofu OG, dags. 20.04. '10 og 3.05. '10, Stærðir: 818,6 m².
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
2. Önnur mál.
 - 2.a Stöðuleyfi á pylsuvagni.
Róbert Árni Jörgensen sækir um f.h. Ergosspa kt. 490807 0710 sækir um endurnýjun á stöðuleyfi á pylsuvagninum sem stendur við Kvenfélagsgarðinn og einnig er sótt um leyfi til að staðsetja hann við gömlu kirkjuna í sérstökum tilfellum.
Erindi samþykkt.
 - 2.b. Smiðjustígur 3, bílastæði.
Lagt fram bréf frá Pétri Ágústssyni vegna bílastæða á lóð.
Samþykkt að útfærsla á bílastæðum og gangbraut verði gerð í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa með fyrirvara á, að samþykki meðeigenda liggja fyrir áður en að framkvæmdir hefjast.
 - 2.c. Að lokum þakkaði Guðmundur fyrir samstarfið í nefndinni en hann lætur nú af störfum eftir 12 ára setu. Einnig þakkaði Ásgeir Gunnar formaður öllum fyrir samstarfið á kjörtímabilinu svo og aðrir fundarmenn.

B. V.